


2015

SKÓLANÁMSKRÁ FÖGRUBREKKU



Leikskólinn Fagrabrekka
Fagrabrekka 26
Sími: 4416200
Netfang: fagrabrekka@kopavogur.is
Heimasíða: fagrabrekka.kopavogur.is
Facebooksíða: Leikskólinn Fagrabrekka



Efnisyfirlit

Leikskólinn Fagrabrekka.....	5
Starf leikskólans Fögrubrekku byggir á:	5
Hlutverk leikskóla	6
Sýn á nám leikskólabarna	6
Hugmyndafræði Fögrubrekku	7
Uppeldisfræðileg skráning	7
Uppeldisfræði dauðu músarinnar	8
Leikur og nám	9
Námsumhverfi	9
Hlutverk hins fullorðna.....	9
Daglegt líf í leikskóla	9
Dagskipulag:.....	10
Að koma og fara	10
Perlan	11
Leiðarljós leikskóla	12
Samþætt og skapandi leikskólastarf	12
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	13
Læsi og samskipti	14
Lífsleikni.....	14
Samverustundir	15
Hópavinna	15
Málrækt.....	16
Verkefni elstu barna.....	16
Heilbrigði og vellíðan	16
Borðhald.....	17
Frágangur og snyrtimennska	17
Hreinlæti	17
Svefn og hvíld	17
Að klæða sig úr og í	17
Útivera.....	18
Lögð er áhersla á að barnið:.....	18
Vettvangsferðir	18
Sjálfbærni og vísindi.....	18
Skapandi efnisveita (ReMida)	19

Náttúra og umhverfi.....	19
Sköpun og menning.....	20
Þemastarf	20
Myndsköpun	20
Tónlist	21
Ljós og skuggi.....	21
Hefðir og hátíðir	21
Mat á námi og velferð barna.....	21
Nám án aðgreiningar – Sérkennsla	22
Fjölskyldan og leikskólinn	22
Trúnaður – Tilkynningaskylda.....	23
Upphaf leikskólagöngu.....	23
Að færast á milli deilda	23
Persónumappa barnsins	23
Foreldrasamtal.....	24
Foreldraráð og foreldrafélag.....	24
Tengsl skólastiga.....	24
Starfsáætlun	25
Lokaorð	25

LEIKSKÓLINN FAGRABREKKA

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að hver leikskóli eigi að móta sína eigin skólanámskrá og gera grein fyrir starfsemi leikskólans, markmiðum, leiðum og gildum. Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og skólustefnu Kópavogs og er sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn mun fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna, stuðla að starfsþróun og fagmennsku. Skólanámskráin á að upplýsa foreldra og aðra hagsmunaaðila um faglega starfsemi leikskólans Fögrubrekku. Hlutverk skólanámskrárinnar er að vera leiðarvísir kennara og vinnutæki. Forsenda alls náms er að stunda lýðræðislega starfshætti, starfa af fagmennsku, sýna virðingu og að barninu og starfsfólkinu líði vel í starfsumhverfi leikskólans.



Leikskólinn Fagrabrekka, Fögrubrekku 26, hóf starfsemi sína 22. desember 1976. Skólinn er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja um 68 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, með mismunandi dvalartíma. Tvær deildir eru á leikskólanum, Rauðabrekka og Gulabrekka. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7:30–17:00. Grundvöllur fyrir starfi leikskólans Fögrubrekku eru lýðræðislegir starfshættir, faglegt starf og góð samskipti. Í Fögrubrekku er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011.

Starf leikskólans Fögrubrekku byggir á:

- Lögum um leikskóla.
- Aðalnámskrá leikskóla.
- Reglugerðum um starfsumhverfi leikskóla.
- Aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs.
- Samþykktum bæjaryfirvalda og framtíðarsýn.
- Ýmsum stefnumótandi samþykktum s.s. forvarnarstefnu, heilsustefnu, jafnréttisstefnu, eineltisstefnu og umhverfisstefnu.
- Hugmyndafræði Loris Malaguzzi, uppeldisfræði dauðu músarinnar og kenningum John Dewey.
- Grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið. Allt starfsfólk leikskóla skal koma fram við barnið af virðingu, taka tillit til þess og hlusta á það. Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við barnið, samstarfsfólk og fjölskyldu barnsins ásamt því að vera góð fyrirmynd í hvívetna. Starfsfólki ber að starfa í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem þar er sett fram í skólanámskrá hvers leikskóla. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, efla sjálfstæði þess og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

EINKUNNARORÐ FÖGRUBREKKA ERU: VIRÐING, GLEÐI OG FRUMKVÆÐI.

Í einkunnarorðum leikskólans felst að kennarar sýni barninu, skoðunum þess, tilfinningum og verkum virðingu. Gleðin er grunnur leikskólastarfsins og áhersla er lögð á að barnið upplifi gleði í leik, starfi og samskiptum. Frumkvæði er lykill að sjálfstæði og sköpun og áhersla er lögð á að styrkja barnið til að sýna frumkvæði, taka sjálfstæðar ákvarðanir á sjálfu sér og sínum skoðunum. Virðing er mikilvæg og áhersla er lögð á að kenna barninu að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, náttúrunni og umhverfinu. Styðja barnið í samskiptum og samvinnu og það læri að setja mörk.

HLUTVERK LEIKSKÓLA

Leikskólinn er fyrir börn upp að skólaskyldualdri. Í 2. grein laga um leikskóla er fjallað um markmið og starfshætti og þar segir að starfshættir leikskólans skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskólum skulu samkvæmt lögnum vera að:

- Fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- Stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- Leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

SÝN Á NÁM LEIKSKÓLABARNA

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig barn lærir og þroskast. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að ung börn læra og þroskast best í leik. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppelendur barnsins og bera megin ábyrgð á uppeldi þess. Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Uppeldi og menntun leikskólabarns er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barnsins á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á barninu umönnun og menntun, búa því hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Námi í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun, þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska. Barn þarf að njóta sín sem einstaklingur en jafnframt læra að vinna með öðrum, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Í leikskóla nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva barnið til náms. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast barnið líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust, barnið öðlast öryggi og dafnar og lærir af umhverfi sínu.

HUGMYNDAFRÆÐI FÖGRUBREKKU

Í leikskólanum er starfað eftir hugmyndafræði Reggio Emilia sem kennd er við samnefnda borg á Norður Ítalíu. Upphafsmáðurinn að baki því uppeldisstarfi var Loris Malaguzzi sem var menntaður kennari og sálfræðingur. Hugmyndafræði Malaguzzi byggist á helstu kenningum Dewey, Vygotsky og Piaget og þroskasálfræði tuttugustu aldar og þróaði hann hana áfram með rannsóknum og athugunum. Hann hafnaði þeirri hugmynd að hugmyndafræði gæti verið eign og að hún héldist óbreytt og sagði að eðli hennar væri að þroskast og taka breytingum. Hann taldi að nám ætti að vera ánægjuleg reynsla þar sem barnið tekur virkan þátt í að afla, fanga og túlka. Malaguzzi lagði áherslu á að barn ætti rétt á að vera viðurkennt sem virkur þátttakandi í að skapa eigin sjálfsmynd, sjálfstæði og hæfni. Slíkt gerist í samskiptum við önnur börn og hinn fullorðna.



LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Borin sé virðing fyrir upplifun barnsins.
- Hlustað sé á barnið og því sýndur skilningur á jákvæðum og neikvæðum tilfinningum.
- Kennarar leggja sig fram við að stjórna ekki umræðum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem barnið vill segja og ræða.
- Barnið sé hvatt til að nota sitt eigið mál þar sem ýtt er undir forvitni, ímyndunarafli, sköpunargleði, skynjun og hugsun. Það felst í því að gefa barninu tækifæri og tíma til að skynja og uppgötva.
- Barnið fái að njóta þess að uppgötva veröldina á eigin forsendum í gegnum sköpun, myndlist, leikræna tjáningu, tónlist og hreyfingu.
- Barnið og kennarinn uppgötvi heiminn í sameiningu.

UPPELDISFRÆÐILEG SKRÁNING

Í starfi Fögrubrekku eru notaðar uppeldisfræðilegar skráningar sem gera starf leikskólans sýnilegt og varpa ljósi á rödd barnsins. Uppeldisfræðileg skráning minnir barnið á hvað það var að gera, eflir sjálfsvitund þess og auðveldar kennaranum að fylgjast með því. Skráningin gefur vitneskju um hvernig barnið lærir, hvernig félagsþroski þess mótast og hvernig það upplifir sig sjálft sem einstakling sem getur, kann og spyr spurninga í leit að svörum. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólakennari þurfi að ætla sér tíma til uppeldisfræðilegra skráninga og athugana, bæði með einu barni og í barnahóp. Mikilvægt er að hafa hugfast að uppeldisfræðileg skráning er ekki og á ekki að vera atferlisathugun. Hún er fyrst og fremst aðferð til að auka skilning okkar á því sem er að gerast í leikskólanum. Starf í anda Reggio Emilia felst í því fylgja barninu, það ræður förinni en kennarinn fylgir því eftir og hvetur það.

UPPELDISFRÆÐI DAUÐU MÚSARINNAR

Uppeldisfræði dauðu músarinnar varð til einn haustdag þegar leikskólakennari og hópur barna fóru í vettvangsferð. Markmiðið var að safna haustlaufi, því að þemað í leikskólanum var haustið. Ætlunin var að týna laufblöð, fara með þau heim og skoða þau, spjalla um þau, þrykkja með þeim og mæla þau. Allt í einu var óyffirstíganleg hindrun í veginum. Hindrun sem kollvarpaði öllum vel skipulögðu áætlunum kennarans. Á stígnum lá dauð mús. Hin skipulagða áætlun kennarans gufaði upp því hugsun barnanna og vangaveltur snerust allan daginn (og nokkra daga að auki) um þessa dauðu mús. Dauð mús lá bara þarna allt í einu, hún getur verið horfin á morgun. Það er ekki beinlínis hægt að stjórna þessari dauðu mús. Oft heillast börn af hlutum sem við hin fullorðnu eigum mjög erfitt með að skilja að séu einmitt svo áhugaverðir. Börn gera ekki alltaf það sem við álítum að þau eigi að gera. Við getum skipulagt umhverfið með sandkössum og fínum klifurgrindum með húsum en börnin kjósa byggingarsvæðið við hliðina á sandbingnum og timburstöflunum. Það skemmtilegasta í Húsdýragarðinum er kannski ekki selirnir eða hreindýrin heldur venjulegu starrarnir sem komu þegar við fórum að borða nestið. Leggðu dauða mús á götuna þar sem þú hefur skipulagt að fara með börnin og þá er hún ekki lengur hin sama dauða mús. Það er mikilvægt að líta á muninn á því sem er skipulagt og þess sem er óskipulagt. Við höfum fullvissað okkur um að ef við skipuleggjum vel þá gangi allt vel. Sannarlega þarf skipulag, en það er fyrst þegar brugðið er út frá því að tekið er eftir því að skipulagið var til staðar. Við eigum ekki að vera hrædd við að breyta til öðru hverju. Það er að vissu leyti hægt að stýra uppeldisfræði dauðu músarinnar en það er hinn fullorðni sem leggur línurnar, sem skapar möguleikana. Það byggir á því að vera meðvituð um að upplifun barnsins er hér og nú. Við getum ekki sett dauðar mús út um allt en við getum séð til þess að börnin fari þangað sem von er á dauðri mús. Við verðum að skapa möguleikana. Það er mikilvægt að í hinni skipulögðu starfsemi sé stoppað af og til og þeim dauðu músum sem liggja í kringum okkur sé veitt athygli. Látum laufið bíða en gleymum því ekki. Verum ekki vonsvikin þó að börnin geri ekki það sem við höfðum ætlað þeim. Grípum tækifærið. Tölum um dauðu músina og við munum komast að því að dauð mús og dautt lauf eiga margt sameiginlegt. Dauð mús getur aldrei kollvarpað skipulagi ef maður meðhöndlar hana rétt.

Uppeldisfræði dauðu músarinnar snýst um viðhorf okkar til barna og fólks í kringum okkur. Að sýna almennan áhuga á lífinu er að vera forvitinn og þora að standa andspænis því óþekkta, ókannaða og þora út á ystu nöf með börnum að kanna heiminn. Látum ekki skipulag og reglur hefta forvitni barnanna og streðið fyrir viðurkenningu stilla kennurum bak við kennaraborð. Þorum að taka nokkur skref út fyrir leiðina, uppgötva og rannsaka með börnunum og hafa það notalegt og skemmtilegt.

LENGI LIFI ALLAR DAUÐAR MÝS Á HLYKKJÓTTUM LEIÐUM LEIKSKÓLAUPPELDISINS.

Matz Granath – 1988

LEIKUR OG NÁM

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og er leikurinn meginnámsleið barnsins, gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Í bernsku er leikurinn, það að leika sér, það sama og að læra og afla sér þekkingar. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barns birtist í leik þess. Leikskólakennarinn þekkir leik barnsins, hann virðir og hlúir að honum, gefur honum rými og skipuleggur leikumhverfið. Í leik tekur barnið þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar það setur fram eigin hugmyndir og virðir sjónarmið annarra. Leikskólakennarinn styður við leik barnsins á margvíslegan hátt og gefur barninu nægan tíma og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka. Leikurinn er grundvöllur uppeldisstarfs í Fögrubrekku.

NÁMSUMHVERFI

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Umhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barns og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna.



Leikskólalóðin er mikilvægt námsrými sem á að hvetja barnið til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á alla vegu. Til að svo megi vera þarf að huga að fjölbreytileika í landslagi, jarðvegi og gróðri. Nærumhverfi leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu hans. En náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til að rannsókna, sköpunar og uppgötvana. Manngert umhverfi er mikilvægt barninu sem námsumhverfi og þarf það að fá tækifæri til að kynnast því og læra af.

HLUTVERK HINS FULLORÐNA

Áhersla er lögð á frjálsum leik og að kennarinn virði leikinn sem mikilvæga námsleið barnsins, en kennarinn er alltaf til staðar fyrir barnið og grípur inn í leik eftir þörfum. Leikurinn er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barnsins nýtur sín en hamingja og gleði liggur í því að barnið finni hæfileikum sínum farveg og fái notið sín bæði sem einstaklingur og hluti af heild. Kennarinn er alltaf reiðubúinn að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnsins. Kennarinn skapar einnig aðstæður, umhverfi, tíma og rými fyrir leik barnsins úti sem inn. Í leiknum lærir barnið að bera virðingu fyrir öðrum og taka ábyrgð á eigin gerðum.

DAGLEGT LÍF Í LEIKSKÓLA

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barn er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Venjubundnar athafnir hins daglega lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barns og heilsu. Markmiðið er að barnið verði sjálfstætt og sjálfbjarga. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Návist kennarans við barnið í

leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum meira gildi. Kennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barns, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Áhugasvið barnsins er þar stór þáttur og umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólasterfinu. Umönnun er fólgin í því að annast barnið af hlýju og áhuga en með því skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Fagrabrekka fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt og er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

Dagskipulag:


07:30	Róleg stund
08:00 - 08:30	Morgunverður
08:35 - 08:45	„Wake up, shake up“
08:45 - 12:00	Leikstund, tónlistar- og hreyfistund, útivera, þemastarf, ávaxtatími
11:15 - 12:30	Hádegisverður
11:45 - 14:30	Hvíld, leikstund inni og úti
14:30 - 15:15	Síðdegishressing
15:15 - 17:00	Leikstund og útivera

AÐ KOMA OG FARA

Áhersla er lögð á að taka vel á móti hverju barni og foreldrum þess svo þau finni sig velkomin í leikskólann Fögrubrekku. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft mikla þýðingu fyrir líðan þess í leikskólanum. Mjög mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar komið er í leikskólann og einnig þegar það er sótt, svo barnið geti lokið við þau verkefni sem það er að vinna að. Það er einnig nauðsynlegt að foreldrar láti kennara vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það. Best er að barn mæti tímanlega í leikskólann svo það missi ekki af mikilvægum þáttum í leikskólasterfinu. Það getur verið erfitt fyrir barnið að koma inn þegar samverstund eða þemastarf er byrjað. Mikilvægt er einnig að kveðja bæði barnið og foreldra þegar þau fara heim.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Hafa samráð við foreldra um hvernig tekið er á móti barninu þeirra.
- Foreldrar fylgi barninu inn á deild eða í hóp barnsins.
- Kennarar taki vel á móti foreldri og barni og heilsi og kveðji hvert barn með nafni.



Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum. Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið. Sá flötur er gulur sem er litur sólarinnar.

Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hrelnætti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur sem er tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, það er glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggir á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, það er litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, það er samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla 2011.

LEIÐARLJÓS LEIKSKÓLA

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barns og hæfni og að litið sé á það sem fullgildan þátttakanda í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem barninu er sýnd virðing og umhyggja. Leikskólum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barnsins og farsælli skólagöngu þess. Starfsfólk leikskóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.

Fullorðnir eru fyrirmyndir barna. Það skiptir miklu máli í samskiptum hvernig orð, látbragð og svipbrigði eru notuð. Virðing og umhyggja í samskiptum skipta sköpum og til að stuðla að öryggiskennd barns og ró þarf að vanda orð og raddblæ. Virðing fyrir skoðunum, tillögum og uppástungum barnsins hefur líka mikið að segja. Kennari þarf að vera samkvæmur sjálfum sér þannig að barnið viti alltaf á hverju það á von.

Í framtíðinni viljum við sjá jákvæða, sjálfstæða einstaklinga með sterka sjálfsmynd sem geta átt góð samskipti við aðra. Fordómalaus, skapandi einstaklinga með gagnrýna hugsun. Einstaklinga sem vilja og geta tjáð sig, hjálpast að, bera virðingu fyrir öðrum og taka ábyrgð á eigin lífi. Til að byggja barnið upp þannig að það verði fært um að takast á við samfélag framtíðarinnar viljum við vera góðar fyrirmyndir, hjálpa því að taka ákvarðanir og standa við þær. Við viljum kenna barninu að leysa sjálft deilur á jákvæðan hátt, auka sjálfstraust þess, sjálfsmynd og kenna því góða samskiptahætti. Barnið þarf auk þess að fá tækifæri til að mistakast og læra af mistökunum. Til að tryggja vellíðan barnsins þarf það að upplifa öryggi, festu, ást, hlýju og vináttu.

SAMÞÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF

Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum. Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla.

Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Barnið lærir gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan, í samvinnu við önnur börn og með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu.

Námssviðin eiga að vera hluti af leiknum, heildstæð og byggjast á reynslu, áhuga og hugmyndum barnsins. Þau eiga að taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms og vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barns. Stuðla að sjálfstæði og frumkvæði, hvetja til ímyndunar, sköpunar, rannsókna og kannana og vekja forvitni. Námssviðin eiga að vera ánægjuleg, stuðla að vellíðan, efla áhuga á náminu og hvetja barnið til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni. Einnig eiga þau að stuðla að sterkri sjálfsmynd, sjálfsþekkingu, uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að barnið læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitsemi og vináttu og þeir eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar. Í leikskóla er frumkvæði barns eftir og styrkt, þannig verður það hæfara til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Barnið er hvatt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þess og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla fær barnið tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og að lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Við gerum ráð fyrir að barn læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólinn Fagrabrekka starfar eftir jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs og stuðlar að jafnrétti á sem víðtækustum grunni. Jafnréttisstefna nær til námskrár leikskóla Kópavogs, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra. Áhersla er lögð á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem fjölskyldu- og atvinnulífi, og einnig að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Leikskólinn Fagrabrekka starfar eftir eineltisáætlun leikskóla Kópavogs og stuðlar að gera starfsmenn meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkjja.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Læri að hlusta, taki þátt í heimspekilegum umræðum og skiptist á skoðunum.
- Hafi sjálfstæði og frumkvæði.
- Beri ábyrgð á sjálfu sér og gjörðum sínum.
- Læri að vinna með öðrum og aðstoða aðra.
- Hafi val um verkefni og vinnubrögð.
- Hafi áhrif á leikskólalastarfið.
- Fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Skilji að það hefur ákveðinn rétt en líka ákveðnar skyldur.

Í leikskólanum Fögrubrekku er réttur barnsins til að vera á eigin forsendum virtur, það fær tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þess, styrkleika og þroska. Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Ef það á að vera réttlátt þá þurfa allir að hafa jafna möguleika til þátttöku óháð andlegu og líkamlegu atgervi.

Barn á rétt á að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem það varðar.

Í leikskólanum Fögrubrekku eru viðhafðir lýðræðislegir starfshættir þar sem gildi og starfshættir renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Haldnir eru fundir með börnunum þar sem hlustað er á rödd þeirra og hver einstaklingur er á sínum forsendum, nýtur virðingar, umhyggju, tillitsemi og vináttu. Það er ýtt undir frumkvæði barnsins, það hvatt til að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Barnið fær einnig tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tekur mið af áhuga þess, styrkleikum og þroska.

LÆSI OG SAMSKIPTI

Barnið er félagsvera sem hefur ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifanir sínar, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Barn hefur þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða



hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Barnið notar ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins notar það t.d. hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Auk þess notar barn talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar barninu að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Meginmarkmið læsis er að barnið sé virkur þátttakandi í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu. Þannig bregst barnið á persónulegan og skapandi hátt við því sem það les með aðstoð þeirra miðla og tækni sem völ er á. Leikskólinn býr barninu aðstæður til að efla færni í læsi og samskiptum.

Samvinna er fyrsta skref félagslegra samskipta, barnið lærir að vera með öðrum börnum í leikskólanum og í stórum hóp er mikilvægt að kunna að gera málamiðlanir, taka tillit til tilfinninga annarra og sýna öðrum umhyggju. Samkennd og umburðarlyndi barnsins er m.a. eftt í samverustundum, í leik og í daglegum athöfnum. Áhersla er lögð á að barnið fái tækifæri til að tjá upplifanir sínar, því þarf kennarinn að bera virðingu fyrir upplifun hvers og eins barns og lifa sig inn í heim barnsins til að skilja það. Hann þarf að hlusta á barnið og sýna skilning og virðingu fyrir tilfinningum þess. Kennarinn þarf að spyrja opinna spurninga og skapa skilyrði á forsendum barnsins. Hann þarf að leiðbeina barninu í samskiptum þess og virða sjálfsákvörðunarrétt barnsins.

Göngu- og vettvangsferðir eru hluti af læsi á nánasta umhverfi en barninu er það eðlislægt að kanna umhverfi sitt. Barnið lærir mest á því að snerta, horfa, hlusta, flokka, draga ályktanir, upplifa og rannsaka. Barnið kynnist mismunandi veðri og lærir að þekkja sitt nánasta umhverfi, lærir örnefni og fræðist um flóru og fánu Íslands

Í leikskólanum fær barnið tækifæri að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnm, tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efnivið. Barnið kynnast tungumálinu og möguleikum þess og að njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Barnið þróar með sér læsi í víðum skilningi og öðlast skilning á að ritað mál og að tákna hafi merkingu.

LÍFSLEIKNI

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir

sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu sem heild.

Í leikskólanum er frumkvæði barnsins eftir og styrkt, þannig verður það hæfara til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Stuðla skal að því að barnið taki þátt í ákvörðunum sem varða líf þess og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla fær barn tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálf sig og umhverfi sitt. Dagskipulag leikskólans veitir barninu festu og öryggi og skýrar reglur gera því kleift að takast á við þau verkefni sem eru lögð fyrir það hverju sinni. Mikilvægt er að ræða við barnið um reglur og gefa því færi á að móta sínar eigin. Samskipti eru stór hluti af lífsleikninámi barns þar sem miklu máli skiptir hvernig við tölum hvert við annað. Lögð er áhersla á að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á. Mikilvægt er að barnið læri virðingu, ábyrgð og sjálfstæði ásamt virðingu fyrir eigin tilfinningum sem og annarra. Í leik og starfi lærir barnið félagsleg samskipti og að sýna öðrum umhyggju og vináttu. Góð félagsleg tengsl eru grundvöllur þess að barnið öðlist sjálföryggi og trú á eigin getu og á því byggist nám. Áhersla er lögð á að kennarar myndi traust og nán tengsl við barnið og að samskipti séu jákvæð.

SAMVERUSTUNDIR

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnsins. Efni samverustundarinnar er miðað við aldur barnsins og þroska. Ýmis fræðsla fer þar fram s.s. fjallað um þemaverkefni sem verið er að vinna að, lesnar sögur, farið með ljóð, sungið og rætt saman.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Stuðla að alhliða námi barnsins.
- Hafa samverustundina notalega.
- Barnið læri að taka tillit til og hlusta á aðra.
- Frásögn og sögugerð barnsins.
- Barnið fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og líðan og segja frá eigin reynslu.

HÓPAVINNA

Hópavinna eflir félagsþroska barns og er grundvöllur fyrir góð samskipti, samstarf og vináttu. Barnið lærir að starfa saman í hópi, litlum eða stórum, að sameiginlegum markmiði. Börn sem eru saman í hóp læra að þekkja hvert annað, treysta hvert öðru, taka tillit til hvers annars og virða skoðanir annarra. Markmiðið með hópavinnu er að börnin læri að starfa saman í hóp, treysti sjálfum sér og öðrum og auki samskiptahæfni sína. Einnig að þau læri að taka tillit og virða skoðanir annarra. Sömu kennarar eru með barninu alla leikskólagönguna, með undantekningum þó.



MÁLÆKT

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta en með því tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barnsins. Mikilvægt er fyrir barn að hafa góða málfyrirmynd og að talað sé vandað íslenskt mál í kringum það.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Læri að tala vandað íslenskt mál, læri rím, texta og þulur.
- Auki orðaforða sinn og þjálfist í framsögn.
- Læri að færa rök fyrir máli sínu.
- Hafi aðgang að bókum.

VERKEFNI ELSTU BARNA

Elstu börnin hafa mikla þörf fyrir að takast á við krefjandi verkefni sem reyna á færni þeirra, andlega og líkamlega. Barnið lærir að fullvinna verk sín, þjálfar einbeitingu og úthald. Áhersla er lögð á að þetta séu leikskólaverkefni og að hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans séu lagðar til grundvallar sem og námskrá Kópavogs fyrir fimm ára börn. Einnig er áhersla lögð á hópkennd, vináttu, samvinnu og félagsfærni auk þess að ala á sjálfstæði barnsins til að það verði sjálfbjarga fyrir 2. skólastigið. Markmiðið er svo að efla sjálfstæði, frumkvæði í starfi, efla hópkennd og samvinnuhæfni barnsins.

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í leikskóla þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði en líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess. Umhyggjan skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við barnið. Daglegar athafnir í leikskóla stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan en barnið lærir um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Barnið hefur mikla þörf fyrir frjálsa og óhindraða hreyfingu en hún er mikilvæg fyrir ahlíða þroska barnsins og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan. Í Fögrubrekku eru barninu gert kleyft að stunda hreyfingu í skipulögðum stundum og frjálsum leik. Starfsfólkið gegnir mikilvægu hlutverki sem fyrirmyndir en einnig er unnið náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu. Í Fögrubrekku er lögð áhersla á að elda matinn frá grunni, baka brauð, að bjóða upp á ferska ávexti dag hvern og næringarríkan morgunverð.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Fræðist um og fái hollan og næringarríkan mat.
- Læri persónulega umhirðu.
- Fái fjölbreytta hreyfingu úti sem inni og slökun eða hvíld
- Auki hreyfiþroska sinn og líkamlegt úthald.
- Búi við tilfinningalegt jafnvægi.
- Temji sér jákvæð samskipti.
- Styrki félagsleg tengsl sín.

BORÐHALD

Matartími hefur uppeldislegt gildi, eflir félags-, vitsmuna- og málþroska sem og færni í samskiptum. Barnið leggur á borð, sækir matinn í eldhúsið og aðstoðar við undirbúning og frágang. Við matarborðið gefst tækifæri til margvíslegra samræðna.



LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Læri að vera sjálfstætt og sjálfbjarga.
- Læri almenna borðsiði.
- Læri að aðstoða aðra.
- Sé hvatt til að bragða allan mat.

FRÁGANGUR OG SNYRTIMENNSKA

Nauðsynlegt er að frágangur og snyrtimennska sé eðlilegur þáttur í daglegu lífi hvers barns. Einn liður í uppeldi og menntun barnsins er að það læri að ganga m.a. frá fatnaði sínum og leikfni.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Gangi frá leikföngum og efnivið eftir notkun.
- Gangi frá fatnaði sínum og skóm í fataherbergi.

HREINLÆTI

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og er þess gætt í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Fari sjálf á salernið eftir því sem það hefur getu til.
- Þvoi sér eftir salernisferðir og fyrir og eftir máltíðir og útivist.

SVEFN OG HVÍLD

Nauðsynlegt er hverju barni sem dvelur í leikskólanum Fögrubrekku megnið af vökutíma sínum að hvílast eða sofa á hverjum degi. Eftir hádegisverð sofa þau börn sem þurfa, önnur hlusta á sögu eða rólega tónlist.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Auka vellíðan barnsins.
- Skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni fyrir barnið.

AÐ KLÆÐA SIG ÚR OG Í

Í fataherberginu fer fram uppeldis- og fræðslustarf og er því mikilvægt að barninu sé gefinn góður tími til að athafna sig þar. Það að geta klætt sig og að geta haft áhrif á það í hvaða fatnað farið er í, er skref til sjálfstæðis.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Efla sjálfstæði barnsins með því að hvetja það til að klæða sig sjálf.
- Barnið fái þann tíma sem það þarf til að klæða sig í og úr.
- Barnið fái aðstoð við að ákveða hverju sé best að klæðast hverju sinni.
- Kennarar séu góðar fyrirmyndir barnsins.

ÚTIVERA

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi, hún stuðlar að vellíðan, jákvæðum samskiptum og veitir gleði og ánægju. Barnið lærir að takast á við misjafnar aðstæður og umgengni við náttúruna og því gefst tækifæri til náms um veðurfar og umhverfið.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Fari út einu sinni á dag.
- Auki styrk og þol.

VETTVANGSFERÐIR

Vettvangsferðir eru hluti af menningu og samfélagsnámi barnsins og gefur barninu reynslu sem hægt er að vinna með í leikskólalastarfinu. Öryggi barnsins er gætt eftir fremsta megni og öll börn í leikskólum Kópavogs eru slysatryggð. Ekki er farið með barn í einkabíl starfsfólks og þegar farið er með rútu eru bílbelti notuð.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Efla úthald, hugrekki og einbeitingu barnsins.
- Auka víðsýni barnsins og víkka sjóndeildarhring þess.
- Barnið kynnist nánasta umhverfi sínu og margbreytileika náttúrunnar.
- Barnið læri umferðarreglur og að fylgja fyrirmælum kennarans.
- Barnið kynnist samfélaginu, menningu og listum.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Markmið sjálfbærni er að barnið og starfsfólkið geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni. Sjálfbærni snýst um að barnið tileinki sér alla þætti og skilning á því samfélagi og umhverfi sem það lifir í. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða barnið við að skilja orsök og afleiðingu og styrkja skilning á hugmyndum og hugtökum. Í sjálfbærnimenntun felst að barnið taki í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Nám og starfshættir innan leikskólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Leikskólinn Fagrabrekka starfar eftir umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs þar sem stuðlað er að því að draga úr umfangi sorps, flokka og endurnýta eftir því sem kostur er.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Læri að bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi.
- Kynnist lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra.
- Takast á við stærðfræðileg viðfangsefni í náttúrunni s.s. tölur, tákni og mynstur.

- Skilji rými, fjarlægðir og áttir.
- Læri hvernig vistspor þess og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun.
- Kynnist hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni.
- Kynnist auðlindum og nýtingu náttúrunnar.
- Kynnist eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu.
- Kynnist eiginlegum ýmissa efna og hluta.
- Kynnist möguleikum og takmörkunum tækninnar.

SKAPANDI EFNISVEITA (REMIDA)

Efnisveitan (ReMida) var stofnuð í Reggio Emilia á Ítalínu 1996. Í samvinnu við fyrirtæki í borginni, ákváðu yfirvöld leikskólamála í Reggio að safna m.a. efnisafgöngum og umbúðum sem barnið gæti nýtt á skapandi hátt í verkefnavinnu. Þannig er sköpunargáfa og hugmyndir barnsins virkjuð. Sýn efnisveitunnar og viðhorf byggist á að finna endurnýtanlegum hlutum aðra merkingu og nýtingu. Hugmyndafræði efnisveitunnar er að nýta alls kyns efnivið í skapandi starfi, þar sem ímyndunaraflíð og efnivið fær að njóta sín. Efniviður sem t.d. er sóttur út í náttúruna opnar augu barnsins fyrir umhverfinu og því sem það hefur uppá að bjóða og kennir því að bera virðingu fyrir verðmætum af öllu tagi. Í Fögrubrekka er starfrækt efnisveita eftir hugmyndafræði ReMida.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Virkja sköpunargáfu og ímyndunarafl barnsins.
- Hafa efniviðinn í glærum ílátum, flokkaðan eftir litum, stærð og öðrum eiginleikum.
- Hafa efniviðinn aðgengilegan.

NÁTTÚRA OG UMHVERFI

Umhverfismennt, náttúruvernd og endurvinnsla tengjast og eru hluti af daglegu lífi barnsins í leikskólanum Fögrubrekku. Barnið upplifir náttúruna af eigin raun og lærir að njóta hennar sér til yndisauka og að umgangast hana með virðingu. Kynni barnsins af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þess og umhverfisvitund.



LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Fáa að sula í vatni og róta í mold og sandi.
- Fáa tækifæri til að vinna með náttúrleg efni.
- Safni sjálft þeim efnivið sem notaður er í skapandi starfi.
- Læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.
- Læri hvernig hægt er að nýta náttúruna og vernda hana.
- Kynnist fjölbreytileika náttúrunnar, veðri og árstíðum.

SKÖPUN OG MENNING

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barnsins, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi en sköpunargleðin leiðir til námsáhuga þegar barnið skynjar merkingu viðfangsefna og gildi þeirra. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum. Skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þess. Námið á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja, þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun.

ÞEMASTARF

Eitt yfirþema er ákveðið í upphafi skólaársins og felst í því að unnið er með ákveðið viðfangsefni í lengri eða skemmri tíma, en starf með hvert þema getur varað frá einum degi upp í ár eða meira. Þemastarfið er unnið eftir áhugasviði barnsins og fer eftir áhugahvöt, reynslu og virkni. Þemastarf stuðlar að uppgötvun barnsins í þekkingarleit sinni og tjáir barnið og túlkar upplifun sína á skapandi hátt. Í þemavinnu getur kennarinn fylgst með hverju barni fyrir sig, þroska þess og hvernig barnið þróar sig sjálft í sköpunarferlinu.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Barnið læri að nota öll sín skilningarvit.
- Barnið læri fjölbreyttar starfsaðferðir.
- Þemastarfið sé í tengslum við áhuga og reynslu barnsins.
- Virkja barnið í leit sinni.

MYNDSKÖPUN

Myndræn sköpun er áberandi í starfi leikskólans og felst í því að móta viðfangsefni og miðla, skapa, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður.

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það og byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér en sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Njóti þess að taka þátt í skapandi ferli.

- Tjái sig frjálst og finni til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.

TÓNLIST

Tónlistaruppeldi miðar að þroska einstaklinga, þjálfar hugsun og eflir tjáningarhæfni, veitir lífsfyllingu og hefur víðtækt félagslegt gildi. Tónlist er ríkur þáttur í menningu hvernar þjóðar en barnið öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum og tónum. Í leikskólanum Fögrubrekku er umhverfi sem hvetur barnið til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt, stutt er við sjálfsprottinn söng barnsins og tilraunir þess með hljóðgjafa. Unnið er markvisst með tónlist í daglegu starfi.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ BARNIÐ:

- Taki þátt í söng og dansi á hverjum degi.
- Kynnist mismunandi tónlistarstefnum.
- Skapi og tjái upplifun í tónlist.

LJÓS OG SKUGGI

Leikur barnsins með ljós og skugga gefur því tækifæri til að nýta sér vísindaleg vinnubrögð en hlutir sem barnið byggir úr og setur á ljósaborð eða myndvarpa öðlast nýtt líf fyrir barninu. Markmiðið er að auðga ímyndunarafl og byggingarleik hjá barninu. Einnig að barnið skoði áhrif ljóssins og skuggans í rýminu sem það hefur yfir að ráða.



HEFÐIR OG HÁTÍÐIR

Í leikskólanum Fögrubrekku kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins en hefðir eru ákveðin menning og getur haft tengsl við sögu okkar og fortíð. Með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu. Í Fögrubrekku eru ýmsir atburðir og hátíðir sem eru orðnar fastur hlutur af starfi leikskólans og skapast hafa sterkar hefðir í kringum t.d. jólaundirbúning og afmæli barna.

MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA

Mat á vellíðan og námi barns felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem barnið fæst við og hefur áhuga á. Mat á að beina sjónum að áhuga barnsins, getu þess, hæfni og styrk sem það sýnir á ólíkan hátt. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að það geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Kennarar í leikskólanum Fögrubrekku og annað starfsfólk hefur tækifæri til þess að fylgjast vel með þroskaferli barnsins þar sem það fylgir barninu frá upphafi leikskólagöngu til loka hennar. Með því getur kennarinn metið hæfi og styrk barnsins við ýmsar aðstæður og veitt því tækifæri og stuðning sem það þarf á að halda á einstaklingsgrundvelli. Slíkt mat er ekki notað til þess að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða að leita eftir því sem þau geta ekki. Matsaðferðir Fögrubrekku eru kynntar nánar í starfsáætlun leikskólans.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

- Kennarar séu meðvitaðir um að barn sýnir getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt.
- Auka þekkingu og skilning kennara og foreldra á þroska barnsins, námi og líðan.
- Tryggja að réttindi barnsins séu virt.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við lög, reglugerðir og Aðalnámskrá leikskóla.

NÁM ÁN AÐGREININGAR – SÉRKENNSLA

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri og er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Barn með fötlun og barn með frávík í þroska fær sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Lagt er upp með að barn sem nýtur sérkennslu fái notið hennar í barnahópnum og markmiðið er að ýta undir sjálfstæði og vellíðan. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnsins efla vináttubönd og styrki samkennd þess.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Virkja áhugahvöt og virkni barnsins inni í hópnum.
- Stuðla að persónulegum þroska barnsins sem og félagsþroska.
- Rödd hvers barns fái notið sín.
- Kennarar séu meðvitaðir um þarfir hvers barns í hópnum.
- Styðja barnið svo það geti notið leikskóladvalar sinnar á sínum forsendum.
- Vinna einstaklingslega eða í litlum og stórum hópum, eftir þörfum barnsins.
- Veita hverju og einu barni viðfangsefni við sitt hæfi.
- Vinna eftir einstaklingsnámskrá barnsins.

Í leikskólann eru ráðnir kennarar með sérþekkingu. Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og ákveðið er í samráði við foreldra hvert sé næsta skref. Ef barn þarfnast nánari athugunar er það sérkennslustjóri sem óskar eftir aðstoð frá utanaðkomandi sérfræðingum í samráði við foreldra. Einstaklingsnámskrár eru unnar eftir niðurstöðum frá hinum ýmsu sérfræðingum í samráði við deildastjóra og foreldra og eru þær endurmetnar tvisvar yfir skólaárið. Sérkennslustjóri sér um að upplýsingar um einstaklinga fari á milli skólastiga í samráði við foreldra.

FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Leikskólinn er menntastofnun og auk menntunarhlutverks þjónar hann foreldrum með því að bjóða barni þeirra viðveru í leikskólanum. Á þann hátt gegnir leikskólinn bæði menntunar- og þjónustuhlutverki, því lögum samkvæmt er leikskólinn 1. skólastigið og sér um nám barns á leikskólaaldri.

Í leikskólanum Fögrubrekku er samstarf heimilis og skóla byggt á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu allra aðila.

Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barns síns. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hvorum öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varðar barnið. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru



mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Foreldrar eru ævinlega velkomnir í leikskólann.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Rækta samvinnu og samskipti á milli leikskóla og heimilis.
- Veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- Leitast við að koma til mót við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum á starfi leikskólans, aðbúnaði og umönnun barnsins.

TRÚNAÐUR – TILKYNNINGASKYLDA

Leikskólinn Fagrabrekka leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varðar barnið og foreldra þess. Allt starfsfólk undirritar þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Ef starfsmaður telur að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar, samanber 17. grein barnaverndarlaga (nr. 80/2002).

UPPHAF LEIKSKÓLAGÖNGU

Við upphaf leikskólagöngu er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Starfsfólk leikskólans veitir foreldrum helstu upplýsingar um starfsemi leikskólans og bendir þeim á ítarefni um hana og foreldrar veita nauðsynlegar upplýsingar um barnið. Í Fögrubrekku er unnið eftir Þátttökuaðlögun sem þýðir að foreldrar eru með börnum sínum allan daginn í leikskólanum á meðan á aðlögun stendur. Þannig kynnast foreldrar starfinu á leikskólanum vel og ná að tengjast starfsfólki og öðrum foreldrum.



LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í nýjum aðstæðum.

AÐ FÆRAST Á MILLI DEILDA

Það er ný reynsla fyrir barnið þegar það færast á milli deilda en kennarar vinna sameiginlega að því að auðvelda hverju barni þau skipti. Þegar barn færast á milli fer kennari með því en það veitir barninu öryggi að hafa einhvern sem það þekkir. Barnið tekur með sér körfuna, skúffuna og nafnspjaldið á hólfið.

PERSÓNUMAPPA BARNINS

Markmið með persónumöppu barnsins er að segja sögu þess í leikskólanum Fögrubrekku. Persónumappan sýnir styrkleika barnsins og tengsl þess við önnur börn ásamt því að efla tengslin milli heimilis og leikskóla. Hún gerir einnig starfið í leikskólanum sýnilegra og er hugsuð til að halda utan um skráðar heimildir í námi og þroska barnsins. Hver mappa er einstök og sýnir áhugasvið barnsins, fjölbreytt vinnubrögð, sköpun og frumkvæði þess og geymir samskipti og

samtöl þess. Persónumappan er unninn í samstarfi við foreldra. Lögð er áhersla á barnið sjálft, heimili barnsins, leikinn og skapandi starf.

Í PERSÓNUMÖPPU BARNINS ER:

- Saga og fjölskylduljósmyndir frá því áður en barnið byrjaði á leikskólanum.
- Skráningar sem foreldrar skila til kennarans um það sem gerist heima og í sumarleyfi barnins.
- Sjálfsmynd á hverju hausti og vori.
- Ljósmyndir og skráningar sem sýnir barnið í daglegu lífi leikskólans.
- Skráningar um aðlögunarferli og afmælisdaga.
- Gullkorn, sögur og ljóð.
- Myndsköpun.
- Þemaverkefni í máli og myndum.
- Jólagjafir barnsins.
- Ljósmyndir úr í tónlist og hreyfingu.
- Skráningar um samskipti við önnur börn og umhverfið, hvað barnið nemur og fæst við og um leik barnsins inni og úti.

FORELDRASAMTAL

Formlegt foreldrasamtal er einu sinni á ári en oftast er þörf krefur eða ef foreldrar óska þess. Þar gefst foreldrum og kennurum tækifæri til samræðu um líðan, nám og þroska barnsins heima og í leikskólanum. Foreldrar þekkja barnið sitt best og styðja við leikskólagöngu þess með því að veita upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins.

FORELDRARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG

Samkvæmt lögum um leikskóla skal kjósa foreldraráð við leikskóla og í því skulu að lágmarki sitja þrjú foreldrar ásamt leikskólastjóra. Kosning fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldin er að hausti á ári hverju. Kosið er til eins árs í senn. Markmið foreldraráðsins er að styðja við starf leikskólans, gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldra og gefa umsagnir um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu. Einnig er starfrækt foreldrafélag í leikskólanum. Markmið þess er að efla tengsl foreldra við leikskólann og styðja við starfsemi hans auk þess sem félagið hefur frumkvæði að ýmsum uppákomum í leikskólanum.

TENGLSKÓLASTIGA

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barns á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem barnið er að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leik- og grunnskóla er samstarfsverkefni barnsins, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnsins er í brennidepli. Samstarf er á milli leikskólana Fögrubrekku, Álfaheiði, Efstahjalla og Kópahvols og grunnskólans Álfhólsskóla.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga en þeir miðla upplýsingum um barnið sitt og leikskólagöngu þess og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgir því úr leikskólanum.

Þegar barn flytur milli leikskóla eða fer í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi barninu með tryggum hætti. Börnin sem fara í grunnskólann koma ekki í leikskólann eftir sumarleyfi þar sem þau hefja grunnskólagöngu sína í dægradvöl um miðjan ágúst ár hvert.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ:

- Auðvelda barninu að flytjast milli skólastiga.
- Samræmi skapist hjá elstu börnum leikskólans og yngstu börnum grunnskólans hvað varðar námsefni.
- Gagnkvæmar heimsóknir í leik- og grunnskóla.
- Barnið fari í u.þ.b. vikutíma eftir áramót í Álfhólsskóla.
- Barnið fari í heimsókn í dægradvöl Álfhólsskóla.
- Skólastjórnendur hittist nokkrum sinnum að hausti og vori til að samræma heimsóknir barnanna.

STARFSÁÆTLUN

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á liðnu skólaári og komandi starfsári eru gerð skil. Áætlunin er unnin í samstarfi við starfsfólk leikskólans. Starfsemi síðasta skólaárs er metin við gerð hennar en þannig gefst tækifæri til að ræða þá þætti sem starfsfólkið telur mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem það telur að megi bæta. Í starfsáætlun er umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráði ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana. Starfsáætlun er send foreldrum í netpósti að hausti en jafnframt er hún sett á heimsíðu leikskólans. Starfsáætluninni fylgir leikskóladagtal leikskólaársins.

LOKAORÐ

Skólanámskrá Fögrubrekku er nánari útfærsla á Aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem áherslur og markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim. Námskráin á að nýtist öllum þeim sem koma að leikskólalífinu og á að nýtast sem tæki öllum til framdráttar. Námskráin tekur mið af skólastefnu Kópavogs og sérstöðu leikskólans. Vinna við námskránnu hefur staðið í þó nokkurn tíma og hefur allt starfsfólk Fögrubrekku lagt sitt fram til þess að gera hana sem best úr garði. Námskrár sem þessi eru ekki meitlaðar úr steini heldur er þeim ætlað að vera lifandi plagg sem er metið og betrubætt. Þessi námskrá verður því endurskoðuð reglulega.

Kópavogur 11. maí 2015

Edda Valsdóttir leikskólastjóri